

Norðurál ehf
Grundartanga
301 Akranes


Reykjavík, 5. júlí 2019
UST201901-192/E.H.
08.07.02

Efni: Eftirlit 2019 - Norðurál Grundartanga.

Þann 25. júní sl. fór fram eftirlit hjá Norðurál á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Einar Halldórsson


Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurál Grundartanga Hvalfjörður

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	25.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Norðurál Grundartanga	Eftirlitsmaður	Hera Guðlaugsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5702972609	Flokkur	ÁI
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn Dögg Steinsen	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365596,685 431351,563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Norðurál Grundartanga. Engin frávik voru skráð frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var um kerleka og endurnýjun kera. Lífaldur kera er um 1600-1700 daga og er skipt út um 3-4 kerum á viku. Að jafnaði tekur það um 3-4 daga að koma keri aftur í rekstur. Í ár hafa verið 18 kerlekar en árið 2018 voru þeir 22 en 42 árið 2017. Kerlekarnir eru misstórir og yfirleitt er náð tökum á þeim mjög fljótt skv. rekstraraðila en einn starfsmaður er á hverri vakt sem hefur umsjón með kerunum.

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunarhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila sem en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfust tafarlausra aðgerða koma upp. Neyðarlínan hefur kallað svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið.

Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir ál- og kíslíver. Notast verður við áhættumatið til að ákvarða tíðni vettvangsferða á næsta ári.

Farið var yfir feril til löndunar á súráli og hvernig viðbrögð eru við rykmyndun vegna löndunar. Hætt er löndun ef sjáanlegt fok er mikið við löndunina og ef vindur er yfir 20 m/s.


Rætt var um útstreymisbókhald Norðuráls en í næsta eftirliti stofnunarinnar verður farið betur út í reikningsforsendur á mengunarefnum.

Farið var í vettvangsferð um kerskála og steypuskála. Farið var að keri sem verið var að skipta út og í kersmiðju. Meira ryk var á gólfum en vaninn er þar sem vélsópur var í viðgerð. Verklag miðast við að takmarka ryk á gólfum til að minnka rykmagn sem þyrlast upp. Ekki var tilefni til athugasemda í vettvangsferðinni.

ANNAÐ

Einnig var rætt um PFC stuðul fyrirtækisins en áform eru um að endurmeta hann með nýjum mælingum. Með notkun á sértækum PFC stuðli er reiknuð mengun meiri en ef notaður er almennur stuðull fyrir iðnaðinn.

Reykjavík, 05.07.2019


Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.